



Hraunvallaskóli

vinátta - samvinna - ábyrgð

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

Skólanámskrá Hraunvallaskóla

II. og III. hluti



1. bekkur

Skólaárið 2024 - 2025

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.

Útgefin 2024.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (skólastjóri Hraunvallaskóla)

Útgefandi: Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

netfang: hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is

veffang: <http://www.hraunvallaskoli.is>



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
II. Skólastarf 1. bekkjar	5
II.1. Samantekt kennslu í 1. bekk	6
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 1. bekk	7
II.3. Kennsluáæstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 1. bekk	9
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.	9
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi	10
II. Námssvið og námsgreinar	11
1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál	11
A. Íslenska	11
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf	11
1.2. Lestur og bókmenntir	12
1.3. Ritun	14
1.4. Málfræði og stafsetning	15
B. Íslenska sem annað tungumál	16
2. List- og verkgreinar	17
A. hluti - listgreinar:	17
3.1. dans	17
3.2. Sjónlistir - myndmennt	18
3.3. Tónmennt	19
B. hluti - verkgreinar:	20
3.4. Heimilisfræði	20
3.5. Textílmennt	21
3.6. Hönnun og smíði	22
4. Náttúrugreinar	24
5. Samfélagsgreinar	26
6. Skólaíþróttir	28
6.1. Íþróttir	28
6.2. Sund	29
7. Stærðfræði	31
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði	31
7.2. Tölur, reikningur og algebra	31
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	32
8. Upplýsinga- og tæknimennt	34



Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá



II. Skólastarf 1. bekkjar

Í 1. bekk í Hraunvallaskóla eru 37 nemendur. Bekkurinn skiptist í 3 umsjónarhópa, 11-13 nemendur í hóp.

Stundaskráin er samansett af vinnu á heimasvæði, íþróttum, sundi og smíðjum, þ.e. myndmennt, dansi, heimilisfræði, textílmennt, smíði, tónmennt og upplýsingatækni. Kennt er í þremur lotum yfir daginn og hver þeirra er 80 mínútur. Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta þörfum nemenda og er ýmist unnið einstaklingslega, í paravinnu, í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun o.s.frv.

Mikil áhersla er lögð á byrjendalæsi í 1. bekk. Nemendur læra bókstafi í tengslum við bókmenntir. Lagður er inn einn til tveir bókstafir á viku.

Sérkennari vinnur með nemendum á svæðinu í ákveðnum kennslustundum og skóla- og frístundaliðar fylgja hópnum alla daga.

Hver umsjónarhópur hefur einn heimakrók og sameiginlegt vinnusvæði. Þar fara kennarar yfir dagsskipulagið, sem sýnilegt er á töflu fyrir nemendur, ræða við nemendur um það sem er á döfinni, leitast við að leysa mál sem upp hafa komið, leggja inn námsefni o.s.frv.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrar fá sendar upplýsingar vikulega um starfið og grófa áætlun fyrir komandi viku í gegn um Mentor. Einnig setja kennarar reglulega inn upplýsingar um skólastarfið á Facebooksíðu árgangsins: Hraunvallaskóli 2018.

Umsjónarkennarar hópsins eru: Guðný Viktoría Másdóttir, Hjördís Jónsdóttir og Vigdís Birna Rósmundsdóttir.



II.1. Samantekt kennslu í 1. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	1 5 1 1
2. Erlend tungumál	2.1. Enska	0
3. List- og verkgreinar	<p><i>A Listgreinar:</i></p> 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt <p><i>B Verkgreinar:</i></p> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Textílmennt 3.6. Hönnun og smíði	1 1 1 1 1 1
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði	3
5. Skólaípróttir	5.1. Ípróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1 1,5 1,5
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	5
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	0,5 0,5
9. Val	9.1.	0
Alls		30



II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 1. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur temji sér að koma með hollt og gott nesti í skólann. • Að nemendur fræðist um mikilvægi þess að nota hjálm við hjólreiðar. • Að nemendur fræðist um tannhirðu og mikilvægi þess að temja sér hollt mataræði. • Að nemendur hafi aðgang að ávöxtum og grænmeti daglega í skólanum. • Að nemendur fái heilsuskoðun þar sem mæld er sjón, þyngd og hæð. • Að nemendur temji sér hreinlæti. • Að nemendur fái tækifæri til að hreyfa sig reglulega • Að nemendur fái fræðslu um hin þrjú gildi skólans, vináttu, samvinnu og ábyrgð, með umræðum og verkefnavinnu. • Að nemendur fái tækifæri til að efla vináttutengsl með hópefli í vinaviku þar sem unnið er markvisst með vináttuna. • Að nemendur fái tækifæri til að spreyta sig á fjölbreyttum verkefnum þar sem reynir á beitingu hugar, hreyfingu og samvinnu milli árganga. • Að nemendur fái fræðslu um mikilvægi þess að gæta að þyngd skólatöskunnar og þess hvernig hún er borin.
JAFNRÉTTI:	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái jöfn tækifæri til náms. • Að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda. • Að nemendur fái kennslu og námsefni miðað við sínar þarfir og læri að það eru ekki allir eins. • Að notaðar séu fjölbreytilegar aðferðir við kennslu til að mæta þörfum sem flestra nemenda. • Að nemendur læri að bera virðingu fyrir fjölbreytileika í menningu og siðum. • Að nemendur læri að virða mismunandi trúarskoðanir.





Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í árganginum þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig og sínar skoðanir fyrir framan aðra. • Að nemendur læri að bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum, þjóðerni og tungumálum. • Að nemendur temji sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. • Að nám nemenda og frammistaða sé metið með fjölbreytilegum hætti. • Að nemendur fái tækifæri til að meta eigin frammistöðu í smiðjum. • Að tekið sé tillit til sérstakra þarfa í mataræði nemenda s.s. vegna trúarbragða eða óþols.
LÆSI:	<p>Það er unnið með <i>læsi</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur læri lestur með fjölbreytilegum aðferðum Byrjendalæsis þar sem unnið er út frá bókum. Lögð er áhersla á orðaforða og stafi í tengslum við þá bók sem tekin er fyrir hverju sinni. • Að staða nemenda í læsisferlinu sé könnuð með reglubundnum hætti með því að beita prófinu Leið til læsis • Að nemendur fái lestrarþjálfun daglega með heimalestri, þar sem litið er á lestrarnámið sem samvinnu milli heimila og skóla. • Að nemendur fái þjálfun í að lesa í umhverfi sitt og læri að bera virðingu fyrir því. • Að nemendur læri skólareglurnar með aðferðum SMT. • Að nemendur verði læsir á tölur og geti beitt einföldum aðgerðum við lok fyrsta bekkjar.
SJÁLFBÆRNI:	<p>Það er unnið með <i>sjálfbærni</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur læri um umhverfisvernd og mikilvægi þess að flokka og endurnýta • Að nemendur temji sér góðan frágang og umgengni innan sem utan skóla. • Að nemendur læri að taka sameiginlega ábyrgð á umhverfi sínu. • Að samvinna og samkennd sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi með nemendum innan skóla og utan. • Að stuðla að samvinnu milli leikskóla og grunnskóla með heimsóknum leikskólalabarna.
SKÖPUN:	<p>Það er unnið með <i>sköpun</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái tækifæri til skapandi vinnu í skólastarfinu • Að nemendur öðlist færni í að virkja sinn eigin sköpunarkraft. • Að nemendur fái tækifæri til að læra stærðfræði og lestur með skapandi aðferðum. • Að nemendur fái heimanám sem er fjölbreytt og skapandi



II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 1. bekk

i. Kennsluaðstæður

Unnið er í opnu rými á einu heimasvæði. Á heimasvæðinu er 3 heimakrókar þar sem farið er yfir dagskipulagið, námsefni lagt inn og ýmis málefni rædd. Umsjónarkennararnir eru 3 í teyminu auk þess sem skóla- og frístundaliðar, stuðningsfulltrúi, þroskaþjálfari og sérkennarar vinna með teyminu. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum hvers og eins.

ii. Kennsluáætlanir

Fyrir hverja viku er útbúin vikuáætlun. Í hverri viku fá nemendur heimanám sem er lestur og orðaskrift.

iii. Náms- og kennslugögn

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"> • Sproti 1a nemenda- og æfingahefti og Sproti 1b nemenda- og æfingahefti • Listin að lesa og skrifa. • Lestrarlandið 1 • Ýmsar byrjendalæsisbækur.
---	---

II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrar fá sendar upplýsingar vikulega um starfið og grófa áætlun fyrir komandi viku í gegn um Mentor. Einnig setja kennarar reglulega upplýsingar um skólastarfið inn á Facebooksíðu árgangsins: Hraunvallaskóli 2018. Nemendur fá heimalestrarbækur við hæfi hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á daglegan heimalestur.

Foreldrar geta alltaf sent tölvupóst og kennarar svara eins fljótt og hægt er. Kennarar leggja sig fram við að kynnast öllum nemendum á sínu svæði þannig að foreldrar geti leitað til allra umsjónarkennara. Kennarar skrá upplýsingar um nemendur í mentor svo foreldrar geti fylgst með. Bekkjartenglar vinna með kennurum þegar viðburðir eiga sér stað í skólanum og einnig þegar þeir skipuleggja atburði utan skóla.



II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri.

b. Stöðumat.

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að.

b. Lokamat:

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að. Einnig fær nemandi afhent vitnisburðarblað þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð viðmiðum eða þarfnast frekari þjálfunar.



II. Námsvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er á að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólstarfsins í átta skilgreind námsvið en hverju námsviði tilheyrja mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námsvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í Aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námsviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólstarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

A. Íslenska

1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- tjáð sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum (L)
- farið í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu.(L)
- sagt frá í samfelldu máli, stuttri frásögn eða eigin reynslu (L)
- tjáð sig við bekkjarfélaga og tekið tillit til skoðana annarra (L/V)
- kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum (L)
- endursagt og/eða lesið eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína (L)
- setið hljóð(ur) og hlustað á á flutning annarra (L)
- farið eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig (L)
- sungið algenga íslenska barnasöngva og tekið þátt í fjöldasöng (L)
- hlustað á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi (L)
- hlustað á umræður bekkjarfélaga sinna (L)
- farið í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum (L)
- hlustað á fyrirmæli kennara og farið eftir þeim (L)
- skoðað myndir og sagt frá efni þeirra (L)
- Horft á leikþætti og söngatriði, ýmist á sviði eða af myndbandi (L)
- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs og hlustunar (L)
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi (P/L).
- Tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn (L).
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni (P/L)
- Unnið með heimildir í gegnum hlustun og sköpun (P/L)
- Kynnst hugtökunum upplýsinga- og miðlalæsi (P)



- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og verið meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra (Þ/V)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim.
- Að þekkja þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu.
- Að fá tækifæri til að hlusta á upplestur á stuttum og lengri sögum eftir íslenska og erlenda höfunda

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Barnabókmenntir og námsefni sem útbúið er út frá bókunum sem unnið er með hverju sinni.
- Myndefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.
- Ýmsir barnasöngvar og þulur.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er með eina bók eða söngtexta. Nemendur hlusta þrisvar sinnum á lestur bókarinnar rýnt er í textann með mismunandi áherslum hverju sinni.
- Börn eru hvött til þess að taka þátt í umræðum um söguna og endursegja hana.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsmiðað nám, námsefni er aðlagð eftir getu nemenda.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

1.2. Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 5 tímar (5 X 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Nefnt hljóð stafanna (Þ/L)
- Þekkt hvað stafirnir heita (Þ/L)
- Greint öll hljóð í stuttu orði (Þ/L)
- Tengt saman hljóð í stuttu orði (2-4 orð) (Þ/L)
- Lesið einföld orð (Þ/L)
- Lesið einfaldar setningar (Þ/L)
- Lesið einfaldan texta(Þ/L)
- Þekkt mismunandi textategundir (sögutexti, fróðleikstexti og ljóð)
- Þekkt einfalt rím(Þ/L)



- Klappað atkvæði í orði (P/L)
- Þekkt alla há- og lágstafi (P/L)
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu undir leiðsögn (L)
- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs og hlustunar(P/L).
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga (PVL)
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvituð/meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra (P/V/L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að vinna með fjölbreytt verkefni út frá bókum sem stuðla að auknum orðaforða, lesskilningi og málskilningi.
- Að vinna með verkefni sem örva nemendur til lesturs og ritunar.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Bækur og námsefni sem útbúið er út frá efni hversrar bókar.
- Léttlestrarbækur og yndislestrarbækur.
- Ýmsir barnasöngvar og þulur.
- Listin að lesa og skrifa.
- Lestrarlandið 1.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er eftir áherslum byrjendalæsis þar sem stuðst er við eindar- og heildaraðferð lesturs.
- Áhersla er lögð á samþættingu náms, þ.e. lesturs, ritunar, hlustunar og tals. Unnið er jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, öryggi, hraða og lesskilning. Því er unnið með hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði samþætt en ekki í aðskildum verkefnum.
- Heimalestri á að sinna a.m.k. fimm sinnum í viku.
- Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- Einstaklingsmiðað nám, námsefni er aðlagð eftir getu nemenda.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Skimunarprófið Leið til læsis er lagt fyrir alla nemendur 1. bekkjar í október. Prófaðir eru helstu þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu, en þeir eru: *málskilningur og orðaforði, bókstafa og hljóðabekking, hljóðkerfis og hljóðavitund*. Sérstaklega er unnið með þá þætti sem þarfnast frekari þjálfunar til að nemendur séu sem best undirbúnir fyrir lestrarnámið. Foreldrar eru upplýstir um stöðu síns barns.

Að vori er fjöldi rétt lesinna orða á mínútu metinn með hraðlestrarprófinu Lesferli. Að öðru leiti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.



1.3. Ritun

Tímafjöldi: 2 tímar (2 X 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Dregið rétt til stafs (P/L)
- Haft rétt grip (P/L)
- Haft bil á milli orða (P/L)
- Skrifað rétt á línu (P/L)
- Skráð einfalt hugtakakort (P/L)
- Skráð sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi (P/L)
- Skrifað einfaldar setningar (P/L)
- Skráð sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi (P/L)
- Ritað setningu út frá mynd (P/L)
- Ritað einfalda frásögn út frá mynd (P/L)
- Sagt frá atburði í réttri tímaröð (P/L)
- Raðað myndum í rétta tímaröð (P/L)
- Þekkt hugtökin upphaf, miðja og endir (P/L)
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni (P/L)
- Kynnst hugbúnaði/forritum fyrir einföld ritunarverkefni og töluleg gögn (P)
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu (P/L)
- Fengið kynningu á lykllaborði (P/L)
- Kynnst upplýsingatækni og forritun (P/L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að þjálfa fínhyfingar með fjölbreyttum verkefnum og geta dregið rétt til stafs.
- Að nemendur semji texta við myndir og geti skrifað texta út frá eigin brjósti.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Vönduð skriffæri.
- Skrifarbækur og úrklippubækur.
- Ýmis verkefni til að þjálfa fínhyfingar.
- Listin að lesa og skrifa.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Sýnikennsla frá kennara varðandi skriftarátt og form stafa.
- Ritunaræfingar, s.s. sporun forma og stafa, ritun há-og lágstafa bæði með og án forskriftar og sóknarskrift.
- Uppbygging sögu, upphaf, miðja og endir.
- Nemendur skrifa nokkur orð eftir upplestri heima.



v. Námsmat og námsmatsaðlög

Í náminu er eftirfarandi námsaðlög beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagna:

- Unnið er með ýmis verkefni út frá fínreyfigetu nemenda.
- Námsfni aðlagað að getu og úthaldi nemenda.

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

1.4. Málfræði og stafsetning

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Parað saman stóran og lítinn staf (P/L)
- Þekkt hugtökin bókstafur, orð og setning (P/L)
- Þekkt stafrófsvísuna (P/L)
- Byrjað setningu á stórum staf (P/L)
- Notað lágstafi inni í orði (P/L)
- Gert punkt á eftir setningu (P/L)
- Þekkt mun á samhljóðum og sérhljóðum (P/L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að nemendur þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning.
- Að nemendur geti leikið sér með tungumálið, s.s. með rím- og orðaleikjum.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verkefni út frá bókum vikunnar.
- Listin að lesa og skrifa.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlög

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Áhersla lögð á ýmsa námsleiki.
- Valin verkefni út frá námsbókum.
- Í náminu er eftirfarandi námsaðlög beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagna:
- Verkefni valin út frá færni nemenda.

v. Námsmat og námsmatsaðlög

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:



Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

B. Íslenska sem annað tungumál

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eiga ekki íslensku sem móðurmál og hafa engin eða lítil tók á íslensku máli. Nemendahópurinn sem lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur og námsþarfir hans að sama skapi mismunandi. Nemendur vinna að hæfniviðmiðum samkvæmt „íslensku sem annað tungumál“. Hæfnirammarnir þar skiptast í fjögur stig (forstig, 1. Stig, 2. stig og 3. Stig) og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Hæfnirammarnir miðast ekki við aldur nemandans heldur hæfni og stöðu hans í máltileinkuninni. Kennsluhættir og námsmat skulu vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfnisviðum þ.e. skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun). Þegar nemandi hefur náð færni á öllum stigum er gert ráð fyrir að hann geti, með stuðningi, unnið eftir sömu námsáætlun og nemendur með íslensku sem móðurmál.

https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnisvid_og_haefnirammur_i_isat.pdf

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsbækur: Íslenska nýja málið mitt 1 og 2, Kæra Dagbók 1, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir.
- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettisþjöl og útprentanlegt efni af vef), Íslenski máhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), smáforrit af App Store.
- Annað: Verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingskennsla
- kennsla í litlum hópum
- á heimasvæði árgangs
-

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- vinnubækur við hæfi hvers og eins
- spil og leikir
- umræður
- lestur bóka sem hæfa hverjum og einum

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- símat
- leiðsagnarmat
- stöðumat
- próf



2. List- og verkgreinar

A. hluti - listgreinar:

3.1. Dans

Tímafjöldi: kennt í smíðju 4x á vetri. 40 mín. kennslustund 3x í viku ca 45 skipti).

Í danstímum er megináhersla lögð á að kenna grunnspor í samkvæmisdans, gömlu dansana, línudansa, nýja vinsæla dansa ásamt söngleikjadansi. Með danskennslunni í Hraunvallaskóla er unnið markvisst að því að efla sjálfstraust, samvinnu, snertingu nemanda ásamt því að samræma hreyfingar þeirra í takt við tónlist. Gerð er krafa um almenna kurteisi og virðingu.

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tjáð sig í hreyfingu við tónlist og tekið þátt í hreyfileikjum (L)
- Þekkt hugtökin hægri, vinstri, fram, aftur, hringur, röð (þ)
- Gert hliðar saman hliðar (L)
- Þekkt mun á hæl og tá (þ)
- Virt samskiptareglur (þ/V)
- Dansað að minnsta kosti grunnspor í tveimur samkvæmisdönsum (þ/L)
- Dansað léttan tískudans (L)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Chasse
- Vínarvals
- Skósmiðadans m/chasse
- Fingrapolki m/chasse
- Hægri hönd
- Hermannstvist
- Systkinadans m/vínarvals
- Samba P
- Enskur Waltz í hægri fót
- Jóladans / eða í skóginum
- Ýmsir leik-tjáningardansar, tískudans í vali hvers kennara.
- Söngleikjadans í vali hvers kennara.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Tónlist, veraldarvefurinn og ýmsar bækur tengdar danslistinni.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustofu án húsgagna þar sem eingöngu eru hljómflutningstæki, borð, tölva og myndvarpi.
- Sýnikennsla
- Sköpun
- Paravinna
- Einstaklings- og hópavinna



Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir nemendur sem hafa getu til, stunda námið.
- Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér.
- Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga af einhverjum öðrum orsökum erfitt með að stunda námið.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru:
Leiðsagnarmat, símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda.

- Metið er hvort nemendur kunni þá dansa sem kenndir eru á skólaárinu, að auki er virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma.

3.2. Sjónlistir - myndmennt

Tímafjöldi: kennt í smíðju. (3x í viku samtals 6 kennslustundir u.þ.b. 4 vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt grunnlitina og grunnformin (Þ)
- Unnið einfalt myndverk út frá grunnlitum og grunnformum (Þ/L)
- Sýnt virkni og vandað vinnubrögð (L/V)
- Unnið með línu á fjölbreyttan hátt (Þ/L)
- Litað innan línu (L)
- Þekkt grunnformin þrjú í tvívídd (Þ)
- Þekkt sex lita hring (Þ)
- Farið eftir fyrir mælum (Þ/V)
- Tekið virkan þátt í frágangi (V)

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Búa til stóra vinnumöppu til að geyma gögnin sín í.
- Skissubók.
- Vinna með formin á fjölbreyttan hátt., grunnform í frumlitum.
- Spora eftir formum og höndum.
- Mála mynd og gera litablöndur.
- Unnið með frumliti og sex litahring.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Fjölbreytt myndlistarefni,
- pappír
- litir
- málning
- verkfæri.



iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur læri að þekkja helstu verkfæri og efni sem notuð eru við myndsköpun
- Þjálfist í að beita þeim.
- Nemendur kynnist grunnformum, frumlitum og einfalda litablöndun
- læri að ganga vel um áhöld og efni.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Verkefni og verkþættir eru metnir út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, vinnubrögðum og hæfni til að fara eftir fyrirmælum.

3.3. Tónmennt

Tímafjöldi: kennt í smiðju 4x á vetri. (40 mín. Kennslustund 3x í viku u.þ.b. 4vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hreyft sig óhindrað og frjálst með tónlist (L)
- Lært nokkur einföld sönglög utanbókar (P/L)
